



Digranesvegur 8-16A

Ósk um upphaf skipulagsvinnu

Kópavogi, 12. september 2025

25043140 KHK

Umsögn

Á fundi skipulags- og umhverfisráðs Kópavogs þann 1. september 2025 var lögð fram fyrirspurn Skala arkitekta, dags. 28. apríl 2025 fyrir hönd lóðarhafa lóðanna nr. 8, 10 og 12 við Digranesveg þar sem óskað er eftir heimild sveitarstjórnar til að hefja vinnu við deiliskipulag fyrir lóðirnar við Digranesveg 8–16A. Erindinu var vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

Skipulagsdeild hefur farið yfir erindið og metur að ekki sé tímabært að hefja deiliskipulagsvinnu á umræddu svæði að svo stöddu.

Til stendur að vinna heildstætt miðbæjarskipulag fyrir miðbæ Kópavogs á komandi misserum. Í þeirri vinnu er mikilvægt að tryggja samræmi og samhengi milli einstakra reita og aðliggjandi svæða áður en hafist er handa við deiliskipulagningu einstakra lóða eða svæða.

Það er einkar mikilvægt að tryggja að fyrirhuguð uppbygging falli að framtíðarskipulagi samgangna og þjónustu. Enn ríkir óvissa um útfærslu Borgarlínu og legu Borgarlínustöðvar, þó fyrir liggi að hún fari ekki um Digranesveg í austurátt.

Skipulagsdeild lítur jákvætt til þeirrar sýnar sem lýst er í erindinu um að fyrirhugað deiliskipulag taki mið af fyrirliggjandi íbúðarbyggð sunnan megin á Digranesi og að hugað verði að góðri tengingu við aðliggjandi byggð og miðbæjarsvæði. Slík nálgun er í samræmi við markmið aðalskipulags Kópavogs um sjálfbæra og samfellda þróun byggðar.

Að lokum er vísað til umsagnar skipulagsdeildar frá 1. desember 2022, sem fjallar um fyrirspurn um að hefja deiliskipulagi á reitnum. Skipulagsdeild metur að grunnforsendurnar fyrir verkefninu séu enn óbreyttar, nema hvað varðar legu Borgarlínu.

Að framangreindu virtu telur skipulagsdeild ekki tímabært að veita heimild til að hefja deiliskipulagsgerð fyrir Digranesveg 8–16A. Erindið verður tekið til endurskoðunar þegar heildstæð stefna fyrir svæðið liggur fyrir.

Fyrir hönd skipulagsfulltrúa,

Kristjana H. Kristjánsdóttir
verkefnastjóri hverfisáætlana

